

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 10.09.2020

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 13:00

**Mætt:** Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Hjörtur Guðnason, Grímur Kolbeinsson.

**Forföll:** Þór Agnarsson, Bjarni Jónsson og Katrín Jónsdóttir.

### Dagskrá fundar:

1. Fundur með Kristjáni Björnssyni um stöðu mála í Skálholti
2. Umsóknir um styrki
3. Hugmynd formanns um „fjárhagsráð“
4. Önnur mál

### 1. Staða mála í Skálholti

Katrín, Tryggvi og Haukur hittu Kristján og í ljós kom að áætlað er pláss í þremur hlutum uppá ca 100 fermetra. Verði ekki frekari stækkun á svæðinu þá yrði þetta bókasafn og vísir að prentsögu á multimedia formi ásamt einhverjum smáhlutum. Fundurinn var jákvæður en kanna þarf hvaða vilyrði við gætum fengið til framtíðar vegna Safnsins, og þá í framhaldi um geymslu á gámum í fjósinu þar.

### 2. Umsóknir um styrki:

Ákveðið var að sækja um alla þá styrki sem hugsanlega standa félaginu til boða. Formaður sækir um styrk hjá **Uppbyggingarsjóð Suðurlands** og vísar í samstarf við Skálholt, til að undirbúa safnið. **Landsbankinn** hefur árlega styrkt ýmis verkefni og er umsóknarfrestur til 25 september. **Minjastofnun** sækja um styrk til að grafa upp á Skálholti, og hefur verið rætt við Ragnheiði Traustadóttur fornleifafræðing um ráðgjöf við gerð umsóknar.

#### Þorláksjóður? Uppbyggingarsjóður Ferðamála?

Vinna þarf hratt í þessum umsóknum, því oftast er styrkir veittir árlega. Katrín hafði í fyrra gert lista um þá styrki sem hægt er aðsækja um og ætlar Hjörtur að finna það.

### 3. Fjárhagsráð:

Ljóst er að fjárhagur Prentsöguseturs er bágborinn, ákveðið var að Grímur og Hjörtur með stuðningi Tryggva, myndu fara í sókn á fyrirtæki um styrki og hugleiða einhverjar leiðir til að finna frekari fjármagn.

### 3. Önnur mál:

Grímur kom með þá hugmynd að fá Guðmund Ágúst Kristinsson til að taka upp og framleiða nokkra þætti um þau störf sem stutt er í að leggist af og framleiddir verði nokkur 2-3 mín videó af því ásamt viðtölum við menn um starfið á árum áður til varðveislu. Guðmundur hefur lýst áhuga sínum á verkinu og mun það verða okkur að kostnaðarlausu. Hann hefur reynslu í að framleiða videó efni. Menn hugleiða við hverja ætti að ræða og munum við síðan hitta Guðmund.

Borist hefur reikningur vegna samkvæmis í bústað Heimis vegna hittings stjórnarmanna fyrr og nú, ásamt því að heiðra þá tvo Heimir og Svan. Menn töldu fyrir samkvæmið að Heimir ætlaði að bjóða og menn lýstu því að samkvæmt stjórnar samþykkt mætti enginn skuldsetja okkur fyrir meira en 5000 krónur. Ákveðið var að fresta afgreiðslu á þessum reikning fram að næsta fundi.

Fundi slitið 14:07